

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014, svæði fyrir frístundabyggð í landi Skarðs, Króktúns, Litla-Klofa og Stóru-Valla, vatnsverndarsvæði og vatnsból, Rangárþingi ytra.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. nóvember 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014 frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Svæði fyrir frístundabyggð í landi Skarðs og Króktúns F27 stækkar úr 2 ha í 7 ha og minnkar landbúnaðarsvæði sem því nemur. Gert er ráð fyrir alls 13 frístundalóðum og einni lóð fyrir skemmu/geymslu er tengist frístundabyggðinni. Aðkoma að svæðinu er um Landveg nr. 26 og heimreiðir að Skarði og Króktúni.
2. Fyrirhugað er nýtt vatnsverndarsvæði, brunnsvæði, á svæði fyrir frístundabyggð F27 og landbúnaðarsvæði.
3. Fyrirhugað er nýtt 114 ha svæði fyrir frístundabyggð í landi Litla-Klofa og minnkar landbúnaðarsvæði sem því nemur. Gert er ráð fyrir 11 lóðum 3,7 ha - 31,4 ha að stærð. Aðkoma er um Landveg nr. 26 og heimreið að Litla-Klofa og um nýja tengingu frá Landvegi.
4. Svæði fyrir frístundabyggð F24 minnkar um 14 ha með stækkun landbúnaðarsvæðis.
5. Fyrirhugað er nýtt 129 ha svæði fyrir frístundabyggð í landi Stóru-Valla F34 og minnkar landbúnaðarsvæði sem því nemur. Gert er ráð fyrir 12 lóðum frá 1 ha upp í 33 ha að stærð.
6. Fyrirhugað er nýtt 7,5 ha svæði fyrir frístundabyggð í landi Stóru-Valla F39 þar sem gert er ráð fyrir tveimur lóðum.
7. Vatnsverndarsvæði í landi Stóru-Valla minnkar með tilkomu frístundasvæðis F39.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 5. nóvember 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*